

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



Dags eftirlits	16.4.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Guðmundsson	ÍSAT nr.	20.30.0
Fulltrúi fyrirtækis	Húni Sighvatsson	Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram vegna skráninga, geymslu efna, uppfærslu áhættumats og viðbragðsáætlunar vegna bráðmengunar hafs og stranda sem og skila á grænu bókhaldi.

Tvær ábendingar eru gerðar er varða umgengni og aðkomu ásamt uppfærslu umhverfismarkmiða og áætlunar um rekstrarstöðvun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2019 og 2020
- Áætlun vegna rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.5
- Starfshættir og umhverfismarkmið
- Trygging og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda
- Rykmælingar
- Kafli VATN í starfsleyfi, gr. 3.6-3.10
 - o Frárennsli, mengunarvarnir og hreinsun.
- Meðhöndlun og förgun úrgangs
 - o Skráningar, flokkun og endurnýting
 - o Spilliefni
- Hávaði
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
 - o Hráefnageymsla sbr. gr. 3.2-3.4
 - o Öryggisblöð og varúðarmerkingar
 - o Frágangur framleiðsluvara
 - o Markaðsleyfi sæfivara
- Skráningar sbr. gr. 4.1
- Umgengni á lóð og aðkoma.

Farið var yfir stöðu frá seinasta eftirliti, m.a. umgengni og skráningar. Gerð var ábending vegna skráninga í eftirliti 2019, en ekki hefur verið bætt úr því og því er skráð frávik vegna þess.

Einnig kemur fram í eftirlitsskýrslu 2019 að til stæði að gera við girðingar í porti og framlengja lekavarnir á baklóðinni, en það hefur ekki verið gert. Ábending er gerð þess efnis nú að þetta verði gert og skal taka út í næsta eftirliti.

Fjallað var um áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og breytingar á flokkum í áhættumati sem er til útfyllingar 2021.

Skv. starfsleyfi er leyfileg framleiðsla hvers árs allt að 2,2 milljónir lítrar af málningu, 150 þúsund lítrar af þynnum og 150 þúsund lítrar af lími og lakki. Skv. tölum rekstraraðila var umfang verksmiðjunnar vel innan þessara marka bæði árin 2019 og 2020.

Rekstraraðili sendi í kjölfar eftirlits áætlun vegna rekstrarstöðvunar. Áætlunin er í gildi síðan október 2015, kveður á um endurskoðun árlega, en ekki kemur fram í henni hvort endurskoðun hafi farið fram, því um er að ræða útgáfu 1 af

áætluninni. Í eftirliti 2019 var rekstraraðila bent á að uppfæra áætlunina og merkja með dagsetningu. Það hefur ekki verið gert.

Rekstraðili starfar ekki eftir umhverfisstjórnunarkerfi og það stendur ekki til, en skv. starfsleyfi getur rekstraraðili valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Hinsvegar hefur fyrirtækið sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á vef fyrirtæksins. Umhverfismarkmiðin eru að litlu leyti mælanleg en gott getur verið að setja sér mælanleg umhverfismarkmið svo hægt sé að fylgjast með því hvernig fyrirtækinu tekst að ná markmiðum sínum. Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi skulu umhverfismarkmið endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti, en ekki kemur fram á vefsíðu rekstraraðila hvenær umhverfismarkmiðin voru seinast endurskoðuð. Umhverfisstofnun bendir því á að rekstraraðili skal fara yfir og endurskoða umhverfismarkmið sín og tilvalið er fyrirtækið setji sér mælanleg markmið við þá endurskoðun. Í því samhengi bendir eftirlitsaðili á að gögn sem koma fram í grænu bókhaldi geti nýst til setningar umhverfismarkmiða.

Tryggingaskírteini v. bráðamengunar hafs og stranda sbr. lög nr. 33/2004 er í gildi. Rekstraraðili sendi einnig áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda, en ekki er þörf á viðbragðsáætlun skv. matinu. Um er að ræða mat frá 2015 sem hefur ekki verið endurskoðað né uppfært. Skv. gr. 2.5 í starfsleyfi skal endurskoða viðbragðsáætlun á a.m.k. fjögurra ára fresti. Í eftirliti 2019 var rekstraraðila bent á að endurskoða áhættumatið/viðbragðsáætlunina og merkja með dagsetningu. Slíkt hefur ekki verið gert og er því um frávík að ræða.

Ryksýni voru seinast tekin árið 2017, en mæling skal fara fram á 4 ára fresti. Því skal mælt aftur á árinu 2021. Eftirlitsaðili óskar eftir því að niðurstöður mælingarinnar verði sendar stofnuninni þegar þær liggja fyrir.

Farið var yfir frárennsli, mengunarvarnir og hreinsun. Niðurfalið er við inngang hráefnalagers sem er tengt við fellitanka. Farið svo að eitthvað fari niður fer það í gegnum fellitankana, en uppleyst efni fer áfram í hreinsistöð Kópavogs. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skv. gr. 3.4 í starfsleyfi er heimilt að hafa niðurfalið sem leiðir í setþró við innkeyrslu hráefnisgeymslu, en þó skuli tryggja að ekki renni af gólfi geymslunnar í þetta niðurfali. t.d. með upphækkuðum kanti. Umrætt niðurfalið er ekki varið á neinn hátt farið svo að hráefni fari niður, hvorki með kanti né eru hráefni í lekapróm.

Engin niðurföll eru í gólfum á vörulager.

Dæluaðili skilar inn gögnum um magn efnis sem dælt er úr fellitönkum og farið er með í Álfsnes, mól og sandur, fastefni úr málningu og því um líkt. Skráningar á losun eiga að liggja fyrir á hráefnalager, en seinasta skráning var í október 2020, og tæmingar síðan höfðu ekki verið skráðar.

Olíuskilja sem tengd er áfyllingaplönnum hefur ekki verið hreinsuð þar sem ekki fer neitt í hana ef ekkert slyss verður. Þróin sem tankarnir standa í er þó full af rusli og var rekstraraðila bent á að tæma hana og hreinsa planið.

Skráningar á magni úrgangs og flokkun eru í grænu bókhaldi, en Íslenska gámafélagið og Hringrás sjá um móttöku úrgangs, þar með talið spilliefni sem farið er með í spilliefnamóttöku. Grænt bókhald vegna ársins 2020 barst 30. apríl sl. en v. ársins 2019 barst það 4. maí 2020. Því er um að ræða frávík frá starfsleyfi og reglugerð um grænt bókhald v. skila græns bókhalds v. ársins 2019. Rekstraraðili skilaði þó bókhaldinu fyrir 1. maí sl. og því er fráviki vegna bókhalds 2019 lokað, en eftirlitsaðili leggur áherslu á að rekstraraðili skoði hvernig hægt er að koma í veg fyrir að gögnum sé skilað of seint framvegis.

Næsta hávaðamæling skal fara fram fyrir 2025, en stofnuninni hafa ekki borist neinar kvartanir vegna hávaða.

Farið var yfir geymslu og meðhöndlun efna. Hráefnageymsla er með niðurfalið sem ekki er varið í samræmi við gr. 3.4 í starfsleyfi, líkt og kemur fram hér að ofan, einnig eru hráefni í hráefnageymslu ekki geymd í lekabyttum. Ekki eru til staðar isogsefni (e. spill kit) til notkunar ef leki verður eða eitthvað fer niður.

Við efnaeftirlit Umhverfisstofnunar í Húsasmíðjunni í desember 2020 kom fram að öryggislok, ápreifanlegar viðvaranir, hættumerki, hættusetningar, viðvörðunorð og framleiðsludagsetning vörunnar Saltsýra (33%) frá Málningu hf. reyndust ekki uppfylla kröfur efnalaga og reglugerðar varðandi merkingar og umbúðir og stöðvaði Umhverfisstofnun því markaðssetningu vörunnar. Í kjölfarið innkallaði Málningu hf. vöruna, tók hana af markaði og hætti alfarið sölu hennar. Innköllun var að mestu lokið þegar vettvangsheimsóknin fór fram en innkölluð vara er nú geymd á vörulager. Umhverfisstofnun ítrekar að ætli rekstraraðili sér að farga vörunni skuli það gert í samræmi við viðurkenndar förgunarleiðir, en ætli rekstraraðili sér að nota vöruna skuli gengið úr skugga um að varan sé rétt merkt og gengið sé úr skugga um öryggi starfsfólks við notkun, vegna leka frá töppum.

Gerð er krafa um skráningar sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi, en rekstraraðili uppfyllir þær ekki. Til staðar eru kvittanir og annað frá móttökuaðilum og birgjum, þó með þeirri undantekningu sem nefnd er hér að ofan við dælingu fellitanka. Skráningar voru á staðnum á tæmingu ryksíu, en aðrar skráningar á viðhaldi eða eftirliti með mengunarvarnarbúnaði voru ekki til staðar. Einnig skal skrá hitastig á hráefnalager a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða, þar sem hiti skal skv. gr. 3.4 vera undir 20 °C. Ábending var gerð v. hitaskráninga í seinasta eftirliti, dags 4.4. 2019 þar sem rekstraraðila var bent á að herða skráningar á hitastigi eða óska eftir breytingu á starfsleyfi. Hitastig var skráð einu sinni 2019 eftir eftirlitið, fjórum sinnum á árinu 2020 og ekki hafði farið fram neinn skráning á hitastigi það sem af var

árinu 2021 þegar vettvangsheimsóknin fór fram. Ekki hefur verið óskað eftir breytingu á starfsleyfi vegna þessa, því er um að ræða frávik frá starfsleyfi.

Aðkoma er að mestu góð, þar sem girðing er við inngang bakdyramegin og ekki er aðgengi úr verslun nema fyrir starfsfólk. Rekstraraðila er þó bent á að laga girðingu og framlengja lekavarnir í porti, sbr. eftirlitsskýrslu 2019, sem og að hreinsa til í porti/upp úr lekaþró þar sem terpentínu og xylene tankar standa, líkt og kemur fram hér að ofan.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 2.5 í starfsleyfi	Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rekstraraðila var bent á í eftirliti 2019 að taka þyrfti til endurskoðunar og dagsetja áhættumat sem hefur verið í gildi síðan 2015, en það hefur ekki verið gert.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Ekki er heimilt að opin niðurföll séu í efnageymslu. Þó er heimilt að staðsetja niðurfall sem leitt er í setþró við innkeyrslu á hráefnisgeymslu, en tryggja skal að ekki renni af gólfi í hráefnisgeymslu í þetta niðurfall, t. d. með upphækkuðum kanti. Geymsla á ætandi efnum skal tenjast lekavörn sem getur tekið við efnunum ef geymar gefa sig. Niðurfall við inngang er ekki varið og efni eru ekki geymd í lekaþró.
gr. 4.1 í starfsleyfi	Skrá skal m.a. hitastig þar sem leysiefni eru geymd sbr. gr. 3.4. Skrá skal hitann a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða. Hitastig í leysiefnageymslu hefur ekki verið skráð í samræmi við starfsleyfi. Frávik þessa efnis var einnig skráð 2018 og hefur rekstraraðili ekki staðið við úrbætur.
gr. 4.6 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald vegna 2019 barst 4. maí 2020. Grænt bókhald 2020 barst 30. apríl 2021 og því er frávikinu lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að gera við girðingar í porti og framlengja lekavarnir á baklóðinni og verður það tekið út í næsta eftirliti. Einnig bendir eftirlitsaðili á að hreinsa þurfi af rusli þró sem terpentínu og xylen tankar standa í.

Rekstraraðila er einnig bent á að taka til endurskoðunar, dagsetja, og uppfæra eftir því sem við á viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.5 og umhverfismarkmið sbr. gr. 2.1.

ANNAD

Andri Þórhallsson var einnig viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Málningar hf.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.06.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

